

# Þingsályktun

**um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009  
og nr. 126/2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn.**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009, frá 3. júlí 2009, og nr. 126/2010, frá 10. nóvember 2010, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.

---

*Samþykkt á Alþingi 22. mars 2011.*

